Hjer með tilkynnist hreppsnefndinni, að Þorvaldi Árnasyni, Holtsgötu 8 hjer í bænum, hefur 27. jan. þ. á. verið veittur bráðabyrgðarstyrkur úr fátækrasjóði Reykjavíkur að upphæð 12 kr.. Þorvaldur þessi hefur gefið þá skýrslu, að hann hafi dvalið lengst af æfi sinnar í Hraunhreppi, og sje því sveitlægur þar, en hingað kom hann fyrir þremur árum. Jeg óska því að hreppsnefndin sendi mjer við fyrsta tækifæri viðurkenningu fyrir því, að hann sje sveitlægur í Hraunhreppi.-

Þess skal getið, að Þorvaldur hefur lofað að endurborga þessar 12 kr. á sumri komandi og efast jeg ekki um, að hann efni það, ef ekki veikindi eða önnur ófyrirsjeð atvik banna. En fari svo að hann ekki gjöri það, verður endurgjalds krafizt að 2/3 hlutum upphæðarinnar frá framfærsluhreppi hans.-

Aðsjónargjörð fylgir

Til hreppsnefndarinnar í Hraunhreppi. Mýrasýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8. marz 1909

453

Nú fyrir nokkru varð að veita Brynjólfi Karl Brynjólfssyni nokkrum 10 kr. sveitarstyrk,með því að hann samkvæmt aðsjónargjörð,er fram fór hjá honum var algjörlega bjargarlaus fyrir sig og heimili sitt.Þessi Brynjólfur Karl Brynjólfsson er 24 ára að aldri,fæddur á Eyrarbakka og hlýtur því að vera sveitlægur i Eyrarbakkahreppi.Jeg bið yður því,herra sýslumaður, að útvega mjer yfirlýsingu hreppsnefndarinnar i Eyrarbakkahreppi um að hann sje sveitlægur þar,og ef þurfalingurinn ekki greiðir sjálfur styrkþennan á komandi sumri,eins og hann hefur lofað,verður endurgjalds á 2/3 hlutum krafizt af framfærslushreppnum.

Til Sýslumannsins i Árnessýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesteren i Reykjavik

8. Marz 1909

454

Som hoslagt udskrift af Reykjavik politiretsprotokol udviser har Kai Kristensen, der er forsörgelsesberettiget i København modtaget fattigunderstöttelse af byens kommune til et belöb af 45 kr.-Dette belöb önskes refunderet ved förste behagelige lejlighed.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

8. marz 1909

455

Hjer með tilkynnist hreppsnefndinni, að ekkjunni Steinunni Ísaksdóttur, Laugaveg 60 hefur orðið að veita styrk úr fátækrasjóði, að upphæð 30 kr. Steinunn þessi er ekkja eptir Guðmund Steinsson, er var sveitlægur í Miðneshreppi og á hún því sveit þar. Viðurkenning fyrir þessu óskast. Steinunn gjörir sjer von um, að geta sjálf endurgoldið styrkinn á komandi sumri, en verði það ekki gjört væntast 2/3 hlutar hans endurgoldnar af sveitarsjóði Miðneshrepps.-

Til hreppsnefndar Miðneshrepps.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8. marz 1909

456

Fátækranefnd Reykjavikur hefur orðið að veita gamalmenninu Jóni Jónssyni, sem nú er hjer i bænum, Vesturgötu 42, fátækrastyrk að upphæð 15 kr.. Jón þessi tjáizt vera sveitlægur i Leiðvallahreppi og sendi jeg hjer með æfiferilskýrslu hans, er væntanlega sýnir að svo er. Bið jeg yður, herra sýslumaður, að útvega viðurkenningu hreppsnefndar Leiðvallahrepps fyrir sveitfesti manns þessa.-

Jón hefur sjálfur lofað að endurgjalda hinn veitta styrk á komandi sumri, en geti hann það ekki eða farizt það fyrir, verður krafizt endurgjalds á 2/3 hlutum upphæðarinnar.-

Til Sýslumannsins i Rangárvallasýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstófu Borgarstjóra Reykjavikur

9. marz 1909

457

Í næstliðnum mánuði veiktist hjer i bænum af taugaveiki konan Guðleif Ólafsdóttir, kona Magnúsar Simonarsonar i Veghúsum hjer i bænum og varð samkvæmt skipun læknis að leggja hana á sjúkrahúsið, en þetta fjekkst því að eins, að fátækrasjóður tæki á sig ábyrgð á greiðslu legukostnaðarins. Magnús þessi Ólafsson Hefur gefið svohljóðandi skýrlsu um æfiferil sinn : Hann er 31 árs að aldri, fæddur á Efri- Sillæk i Villingaholtshreppi i Árnessýslu, fluuti úr þeim hreppi 16 ára að aldri i Stokkseyrarhrepp, dvaldi þar 4 ár, fór þaðan i Sandvikurhrepp og var þar 6 ár. Þaðan fár hann til Reykjavikur og var hjer fyrst eitt ár, fór þá að Fifhvammi og var þar eitt ár, og þaðan fór hann aptur hingað og hefur nú dvalið hjer 2 ár.-Samkvæmt þessari skýrslu er enginn efi á því, að Magnús er sveitlægur i Villingaholtshreppi og óska jeg að fá sem fyrst viðurkenningu hreppsnefndarinnar fyrir að svo sje. Ef fátækrasjóður Reykjavikur þarf samkvæmt ábyrgðinni að greiða legukostnaðinn að nokkru eða öllu leiti, verður endurgjalds krafizt á 2/3 hlutum kostnaðarins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

482

Undanfarin 3 ár hefur verið jafnað niður aukaútsvörum í Reykjavík sem hjer segir:

Fyrir árið 1906 . . . kr. 53125.11
—"—"— 1907 . . . 62000.76
—"—"— 1908 . . . 65409.76

að viðbættum kr 4566.80, er sjerstakt leyfi stjórnarráðsins var fengið fyrir.–

Meðaltal af ofangreindum þremur upphæðum, er jafnað var og jafna má ávallt niður án sjerstaks samþykkis er 60178 kr. 54 a. og og sje þar viðbætt fimmtungi eða 12035 kr. 71 e., kemur fram 72214 kr. 25 a., er jafna má niður fyrir yfirstandandi ár, án sjerstaks samþykkis. Vegna þess að á síðastliðnu ári komu í gildi ýms lög, er lögðu bæjarsjóði kaupstaðarins á herðar mikil ný útgjöld varð ekki komist af með að jafna niður svo litilli upphæð sem aukaútsvörum. Samþykkti því bæjarstjórnin að jafna niður 80382 kr. 55 a., sem þessa árs aukaútsvörum og er það minni upphæð en hefði þurft að jafna niður, ef greiða hefði átt árs útgjöld bæjarins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

án lántöku.–

Leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit, að hinu háa stjórnarráði vildi þóknast að veita samþykki til að jafna megi niður þessari upphæð, að svo miklu leyti hún fer fram úr ofangreindum 72214 kr. 25 a.–

Til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavikur
15. marz 1909

459

Fátækranefnd Reykjavikur hefur orðið að taka á sig ábyrgð á legukostnaði stúlku að nafni Helgu Hallbjarnardóttur, Lindargötu 10, er samkvæmt kröfu læknis hefur verið lögð á sjúkrahúsið i Landakoti. Stúlka þessi álizt að vera sveitlæg i Kolbeinsstaðahreppi i Snæfells- og Hnappadals-dalssýslu, en til þess að fá vissu i því efni bið jeg yður, herra bæjarfógeti, að láta taka skýrslu um æfiferil hennar ef læknir leyfir og heilsa hennar er því ekki til fyrirstöðu.-

Til Bæjarfógeta Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

15. marz 1909

460

Þ. 10. þ.m. var stúlkan Helga Hallbjarnardóttir eptir skipun læknis lögð inn á sjúkrahús St. Jósepssystra i Landakoti,og varð fátækranefnd Reykjavikur að ganga i ábyrgð fyrir legukostnaðinum.Stúlka þessi er fædd i Kolbeinsstaðahreppi og hefur ekki náð þeim aldri að sögn að hún geti hafa unnið sjer sveit annarsstaðar.Er þess því hjer með farið á leit,að hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps sendi hið fyrsta viðurkenningu fyrir sveitfesti stúlku þessarar og gangi i ábyrgð fyrir legukostnaðinum.Ef hægt verður veikindanna vegna að taka æfiferil stúlku þessarar verður hann sendur bráðlega,ef hreppsnefndin óskar þess.-

Til hreppsnefndarinnar i Kolbeinsstaðahreppi.-

Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

16. marz 1909

461

Innlagðar 12 kr. eru endurgjald frá ekkjunni Magneu Ísaksdóttur á legukostnaði, er greiddur hefur verið úr fátækrasjóði samkvæmt ávisun minni dags. 12. nóv. f.á.

Kvittun fyrir greiðslu þessari óskast við tækifæri.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

16. marz 1909

462

Þ. 11. þ.m. var stúlkan Guðlög Helgadóttir, Óðinsgötu Nr. 7 hjer i bænum samkvæmt skipun læknis lögð á sjúkrahúsið, og varð fátækranefnd Reykjavikur að ganga i ábyrgð fyrir legukostnaðinum. Nefnd stúlka er 19 ára að aldri og fædd i Kjalarneshreppi og er þvi sveitlæg þar. Jafnframt þvi að tilkynna þetta vænti jeg að hreppsnefndin sendi mjer við fyrsta tækifæri viðurkenningu fyrir sveitfesti stúlku þessarar og greiði á sinum tima legukostnaðinn að 2/3 hlutum, ef á þarf að halda.-

Til hreppsnefndarinnar i Kjalarneshreppi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

16. marz 1909

463

Þegar jeg fyrir nokkrum dögum gekk i ábyrgð fyrir legukostnaði dóttur yðar, er lögð var á sjúkrahúsið láðist mjer að taka hjá yður æfiferilskýrslu hennar. Jeg bið yður þvi að koma hingað á skrifstofu mina við fyrsta tækifæri til þess að gefa mjer skýrslu þessa.-

Herra húsmaður Helgi Jónsson, Óðinsgötu Nr. 7.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. marz 1909

464

Fátækranefndin hjer hefur orðið að veita Elinu Halldórsdóttur, konu Kristjáns Þorleifssonar, sem nú á heima á Árbæ i Ølvesi fátækrastyrk að upphæð 24 kr.. Kristján þessi álizt að vera sveitlægur i Landmannahreppi, og til þess að vissa fáizt fyrir þvi hvar hann sje sveitlægur bið jeg yður, herra sýslumaður, að láta taka sem fyrst æfiferilskýrslu nefnds Kristjáns og að senda hana hreppsnefndinni i Landmannahreppi, en henni hef jeg skrifað um málið og tilkynnt styrkveitinguna.-

Til sýslumannsins i Árnessýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. marz 1909

465

Þ. 26. f.m. varð að veita Elínu Halldórsdóttur, konu Kristjáns Þorleifssonar, sem nú dvelur á Árbæ í Ölvesi 25 kr. styrk úr fátækrasjóði. Kristján þessi Þorleifsson er talinn að vera sveitlægur í Landmannahreppi og óska jeg að fá sem fyrst viðurkenningu hreppsnefndarinnar fyrir því að svo sje. Jeg hef nú samstundis skrifað sýslumanninum í Árnessýslu og beðið hann að taka æfiferilskýrslu nefnds Kristjáns og senda hreppsnefndinni hana beina leið.-

Aðsjónargjörð þá, er fram fór hjá Elínu áður en styrkurinn var veittur sendi jeg hjer með og krefst endurgjalds á 2/3 hlutum styrksins sem og af því, er veita kann að þurfa Elínu framvegis, en það má búast við, að hún þurfi meiri styrks við, þar sem hún hefur ungbarn þeirra hjóna fram að færa. og hefur ekki heilsu óskerta.-

Til hreppsnefndarinnar í Landmannahreppi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

16. marz 1909

466

Á síðasta fátækranefndarfundi var Júlíönu Þorláksdóttur, Grettisgötu 57 veittur 5 króna framfærslustyrkur mánaðarlega og að auki var húsaleigustyrkur hennar hækkaður upp í 8 kr. á mánuði.

Þetta tilkynnist yður, herra gjaldkeri, hjer með.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

16. marz 1909

467

Á síðasta fundi hefur fátækranefndin hækkað húsaleigustyrk yðar upp í 3 kr. á mánuði og ennfremur samkvæmt ósk yðar veitt yður 5 króna framfærslustyrk á ári.-

Þetta tilkynnist yður hjer með og getið þjer vitjað styrks þessa til gjaldkera bæjarins mánaðarlega.-

Til Júlíönu Þorláksdóttur, Grettisgötu 57.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

marz 1909

468

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 25 kr., sem eru endurgjald frá Hvitársiðuhreppi fyrir barnsfúlgu, er lögð var út úr fátækrasjóði bæjarins fyrir Árna Helgason samkvæmt ávisun formanns fátækranefndarinnar dags. 11. nóv. 1908.-

Fyrir þessum 25 kr. óskast kvittun við tækifæri.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

17. marz 1909

469

Með brefi dags. 27. f.m. hefur fátækranefnd Reykjavíkur meðtekið frá yður, herra hreppsnefndaroddviti, 25 kr., til endurgjalds sömu upphæð, er fátækrasjóður bæjarins hafði lagt út fyrir Árna Helgason til lúkningar meðlagi áföllnu 5. okt. f.á., með barni hans og Halldóru Guðmundsdóttur, Njálsgötu 40 B.-

Fyrir þessum 25 kr. kvittast hjer með.-

Til hreppsnefndaroddvita Hvítársíðuhrepps.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

17. marz 1909

470

Með brjefi dags. 2.þ.m. hafið þjer, herra hrepps-nefndaroddviti, sent mjer kr. 113,33, og eru þar af 68 kr. frá Áshreppi en 45 kr. 33 a. frá Holtahreppi, til lúkningar tveimur þriðju hlutum af fátækrastyrk þeim, er Bjarna Simonarsyni járnsmið var veittur hjer árin 1907 og 1908. Fyrir upphæð þessari sendi jeg kvittanir til hvors hreppsins fyrir sig, eins og þjer óskið eptir.-

Til hreppsnefndaroddvita Ásahrepps.

Rangárvallasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

17. marz 1909

471

Samkvæmt reikningsbókum hins fyrverandi formanns fátækranefndarinnar hefur Bjarni Simonarson eða Björn Simonarson járnsmiður þegið árin 1907 og 1908 fátækrastyrk hjer i bænum að upphæð 75 kr. + 95 kr. eða samtals 170 kr. Bjarni þessi var sveitlægur i Holtamannahreppi hinum forna og hefur nú sá hreppur endurgoldið 2/3 hluta upphæðarinnar eða kr. 113,33, er sendast hjer með og kvittun óskast fyrir.-

Bjarni sjálfur er skyldur að endurgjalda þær kr. 56,67, er eptir standa óborgaðar, og væri mjer kært, ef þjer, herra gjaldkeri gætuð gefið mjer upplýsingar um, hvar hann nú muni vera niður kominn.-

Til athugunar fyrir yður og leiðrjettingar skal jeg geta þess, að á skýrslu þeirri yfir skuldir annara hreppa við síðustu árslok, er þjer senduð mjer nýlega, er Holtamannahreppur hinn forni talinn að skulda að eins 95 kr., og er það upphæð sú, er Bjarni hefur fengið árið 1908 en því sleppt, sem hann hefur fengið 1907.

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret i Reykjavik
19. Marz 1909

472

Hr. Havnedirektör G. Smith,
Christiania

Samtidig med hoslagt at fremsende dybdemaalinger og boringer i Reykjavik havn udförte af ingenieur K. Zimsen, beklager jeg meget at disse ikke allerede som af mig formodet er dem tilsendt for længe siden. De maa ikke heraf slutte, at byraadets interesse for at faa en havn bygget er i nogen maade svækket. Tvertimod imödeser vi snarlig modtagelse af deres forslag og projekter med den allerstörste interesse. –

Med höjagtelse

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
19. Marz 1909

473

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var yður leyft að byggja bryggju fyrir norðaustan Kalkofnslóðina. Leyfið er bundið þessum skilyrðum:

<u>að</u> bryggjueigandi sje skyldur til að taka hana burtu hvenær sem þess verður krafist, bænum að kostnaðarlausu.

<u>að</u> bryggjustaðurinn verði valinn í samráði við landeiganda. –

<u>að</u> almenningur megi lenda við bryggjuna og hafa frjáls afnot hennar, að svo miklu leyti það ekki kemur í bága við afnot bryggjueiganda sjálfra. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra kaupmaður, hjermeð. –

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
19. Marz 1909

474

Bæjarstjórnin hefur á fundi í gær leyft yður að byggja geymsluhús 6°x8° og mógeymsluhús 5°x6° yfir áburðargryfju í viðbót við það, er þjer áður hafið byggt á erfðafestulandi yðar.–
Þetta tilkynnist yður hjer með.–

Herra
verkstjóri Magnús Vigfússon
Kirkjubóli

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
19. Marz 1909

475

Bæjarstjórnin hefur samþykkt að yður, herra trjesmiður, skuli leyfðar breytingar á vesturenda húss yðar til að gera þar íbúð, með þeim skilyrðum, að stigi verði löglegur, eldavjel nógu fjarri trje og húsið að öðru leyti samkvæmt fyrirmælum byggingarsamþ. um íbúðarhús.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra
trjesmiður Sveinn Sveinsson,
Bankastræti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
19. Marz 1909

476.

Bæjarstjórnin hefur samþykkt að yður, herra prentsmiðjustjóri, skuli leyfðar breytingar á húsi yðar Aðalstræti 8, samkvæmt því er þjer í brjefi dagt. 13. þ. m. hafið farið fram á.

Herra
prentsmiðjustjóri Þorvarður Þorvarðsson
Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesteren i Reykjavik
20. marz '09

477

Ifölge meddelelse og regning fra ingeniør Jón Thorlaksson skylder Reykjavik vandværk Teknisk Ugeblad kr. 37.80 for annoncer. Jeg har den ære at fremsende dette beløb i en check paa Centralbanken for Norge.

Med höjagtelse

Til
Teknisk Ugeblad. Christiania
Norge

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesteren i Reykjavik
20. Marz 09

478

A/S Sophus Berendsen, København

Som telegrafisk meddelt har Byraadet accepteret Deres Tilbud af 1. f.m. paa Støbejerns-Mufferør, Forbindelsesdele, Skylle-haner etc, inclusive Deres Tilbud om at overtage Risikoen for Breakage før Levering af Damper Reykjavik Rhed mod en Forhøjelse i Prisen af Kr. 15.00 pr. 1000 kr.. –

Forventende at Varerne indtræffer hertil i sidste Halvdel af Maimaaned i god Kondition tegner jeg

Med Højagtelse

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20. marz 1909

479

Út af erindi yðar til fátækranefndar Reykjavikur dags. 10. þ.m. eruð þjer hjer með aðvaraðar um að koma á fund minn, og mun jeg leiðbeina yður um hvað gjöri þuffi til þess að þjer fáið þeirri ósk yðar fullnægt, sem þjer minnist á brjefinu.-

Til Sesselju Þórðardóttur, Laugaveg 56.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20. marz 1909

480

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að fátækranefndin hefur komið barninu Hjálmtý Róbert, dóttur Ingveldar Þórarinsdóttur fyrir hjá Elisabet Þórðardóttur á Litlu-Klöpp fyrir 12 kr. meðlag á mánuð, frá 9. þ.m. að telja.

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
20. marz 1909

481

Með því að skýrsla sú,er þjer hafið gefið gefið Þovaldi lögregluþjóni Björnssyni 17.f.m. um æfiferil yðar virðist vera sköꝛk að einhverju leyti,er hjer með lagt fyrir yður að koma hingað á skrifstofu og gefa nýja skýrslu um sama efni.-Þetta óskast gjört hið fyrsta.-

Herra húsmaður Bjarni Jónsson,Laugavegi 27.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20. marz 1909

482

Í lok siðastliðins mánaðar og nú aptur i þessum mánuði hefur orðið að veita Ásbirni Sveinssyni, Laugaveg 73 og fjölskyldu hans fátækrastyrk að upphæð 30 kr. + 20 kr. = 50 kr., og nú hefur fátækranefndin orðið að ganga i ábyrgð fyrir legukostnaði hans á sjúkrahúsinu i Landakoti. Ásbjörn þessi hefur gefið mjer eptirfylgjandi skýrslu um æfiferil sinn : Hann er fæddur i Holtahreppi i Rangárvallasýslu, 48 ára að aldri, flutti þaðan barn að aldri að Skálmholtshrauni i Villingaholtshreppi og var þar samfleytt 34 ár. Þaðan flutti hann að Stokkseyri og var þar 4 ár. Þaðan fór hann hingað til Reykjavikur og er nú búinn að vera hjer 4 ár.- Samkvæmt þessu getur enginn vafi leikið á þvi, að hann er sveitlægur i Villingaholtshreppi og vænti jeg hið fyrsta viðurkenningar hreppsnefndarinnar fyrir þvi að svo sje, og á sinum tima endurgoldna 2/3 hluta af fátækrastyrk þeim, sem honum hefur verið og kann að verða veittur. Aðsjónargjörð sú, er fram fór hjá honum áður en styrkuri var fyrst veittur fylgir hjer með.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20. marz 1909

483

Bjarni Jónsson, húsmaður á Laugavegi 27, hefur orðið þurfandi fátækrastyrk fyrir sig og fjölskyldu sina og hafa honum verið veittar samtals 60 kr.. Bjarni þessi tjáizt vera fæddur i Ferjunesi 1872 og sveitlægur i Stokkseyrarhreppi. Viðurkenning fyrir þessu óskast við fyrsta tækifæri. Skýrsla um æfiferil hans mun verða senda bráðlega, en aðsjónargjörð sú, er fram fór áður en styrkur var honum fyrst veittur, sendist hjer með.-

Til hreppsnefndarinnar i Stokkseyrarhreppi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
20. marz 1909

485

Fátækranefndin hjer hefur orðið að veita Sigurði nokkrum Sigurðssyni hjer i bænum fátækrastyrk : kr. 20,00 + 20,00 eða samtals 40 kr.-Samkvæmt meðfylgjandi æfiferilskýrslu er Sigurður þessi sveitlægur i Ásahreppi i Húnavatnssýslu,og bið jeg yður,herra sýslumaður, að útvega mjer yfirlýsingu hreppsnefndar Ásahrepps um að hún viðurkenni það,og að innheimta hjá henni 2/3 hluta af styrk þessum.-

Aðsjónargjörð sú,er fram fór hjá Sigurði áður en styrkurinn var veittur fylgir og hjer með.-

Til Sýslumannsins i Húnavatnssýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

20. marz 1909

486

Nýlega varð að veita gamalmenninu Jóni Björnssyni og konu hans fátækrastyrk hjer í bænum, eptir að aðsjónargjörð sú, er hjer með fylgir, hafði fram farið. Jón þessi tjáizt vera sveitlægur í Glæsibæjarhreppi, og hefur að hans sögn áður þegið fátækrastyrk, er endurgoldinn hefur verið af Glæsibæjarhreppi. Þetta eruð þjer beðinn um að tilkynna hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps, herra sýslumaður, og um að útvega mjer yfirlýsingu hreppsnefndarinnar um að Jón sje viðurkenndur sveitlægur í fæðingarhreppi sínum. Jafnframt er þess krafizt að 2/3 hlutar styrksins verði endurgoldnir, en stryk sá, sem honum var veittur nam 30 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20. marz 1909

487

Eptir móttöku heiðraðs brjefs yðar, herra oddviti, dags. 4.f.m. sendi jeg yður hjer með reikning yfir það, er ekkjan Jónina Sigurðardóttir hefur til þessa dags. þegið úr sveitarsjóði Reykjavikur. Er upphæðin nú orðin 65 kr.- Vænti jeg að fá við fyrsta tækifæri endurgoldna 2/3 hluta upphæðar þessarar.-

Eins og reikningurinn ber með sjer er Jónina nú komin á stöðugt sveitarframfræi og gjöri jeg því ráð fyrir, að hún ásamt börnum sinum verði flutt þurfamannaflutningi á sveit sina næsta vor eða sumar, og vænti jeg að þjer sjeuð því samþykkur.-

Til hreppsnefndarinnar i Selvogshreppi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

22. marz 1909

488

Á síðasta bæjarstjórnarfundi var krafa yðar, dags. 20. jan. þ.á. um að fella niður aukaútsvar það, er yður hafði verið gjört að greiða árið 1908, tekin til meðferðar og var hún úrskurðuð á þá leið, að útsvar yðar skyldi óbreytt.

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Til saumakonunnar Arnleifar Helgadóttur, Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

22. marz 1909

489

Hjer með tilkynnist yður, herra ljósmyndari, að bæjarstjórnin hefur á fundi 18. þ.m. samþykkt að falla megi niður útsvör þau, er yður hafði verið gjört að greiða hjer i bænum fyrir árin 1907 og 1908.-

Herra ljósmyndari Karl Ólafsson , Hafnarfirði.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

22. marz 1908

490

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur á fundi 18. þ.m. samþykkt að falla megi niður útsvar það, er manni yðar hafði verið gjört að greiða til bæjarins árið 1908.-

Til ekkjunnar Guðrúnar Nikulásdóttur, Holtsgötu 8.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

22. marz 1909

491.

Á síðasta bæjarstjórnarfundi 18. þ.m. var beiðni yðar um að fella burtu útsvar það,er á yður hafði verið lagt til bæjarins fyrir árið 1908,tekin fyrir og ákvað bæjarstjórnin að útsvar þetta skyldi lækkað um helming eða úr 8 kr. niður í 4 kr.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Til ekkjunnar Ragnheiðar Clausen Jónsson.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
22. marz 1909

492

Hjer með tilkynnist yður, herra læknir, að bæjarstjórnin hefur samkvæmt umsókn yðar ákveðið að fært skuli niður útsvar það, er hjúkrunarkonunni M. Petitcola hafði verið gjört að greiða fyrir árið 1908 úr 350 kr. niður í 100 kr.-

Herra Mattías læknir Einarsson , Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
22. marz 1909

493

Erindi yðar dags. 2.f.m. hefur bæjarstjórnin ákveðið á siðasta fundi að svara svo,að yður skuli gefinn eptir helmingur af útsvari yðar bæði árin 1907 og 1908.-

Jafnframt því að endursenda yður útsvarsreikninga þá,er fylgðu nefndu erindi yðar, skal það tekið fram,að bæjargjaldkeranum verður samsyundis tilkynnt um þessa niðurfærslu.-

Herra Böðvar Jónsson , Bergstaðastræti 45.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur 23. marz 1909

Hjer með tilkynnist yður, herra kennslumálaráðunautur, að brunamálanefndin hefur leyft yður að lýsa hús yðar við Laufásveg með acetylengasljósi. Leyfið er bundið því skilyrði, að gasstöðin og útbúningur allur fullnægi ákvæðum reglugjörðar 30. des. 1903, og ennfremur að sú kvöð hvíli á húsinu eða eigendum þess, að þeir sjeu skyldir til að greiða hækkun þá á brunabótagjaldi í nágrannahúsunum, er leiða kann af því, að acetylengas er notað í húsinu.-

Eptirlitsmaður af hálfu bæjarins með acetylen gasstöðvum er verkfræðingur Knud Zimsen og ber að hlýta eptirliti hans og ákvæðum að því er gerð stöðvarinnar og annað snertir.

Uppdráttur sá af gasstöðinni, er sendur var brunamálanefndinni endursendist hjer með.-

Herra kennslumálaráðunautur Jón Þórarinsson, Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. marz 1909

495

Á siðasta bæjarstjórnarfundi voru úrskurðaðar ýmsar kærur yfir útsvörum á þessa leið :

1,Kröfu Arnleifar Helgadóttur um að fella burtu útsvar hennar árið 1908 var synjað.-

2,Útsvar Karls Ólafssonar ljósmyndara i Hafnarfirði fyrir árin 1907 og 1908 var fell burt.-

3,Útsvar Jóns heitins Halldórssonar Holtsgötu 8 var fellt burt fyrir árið 1908

4,Útsvar Ragnheiðar Clausen Jónsson fyrir árið 1908 var fært niður um 4 kr.

5,Útsvar hjúkrunarkonunnar M.Petitcola fyrir árið 1908 var fært niður i 100 kr.,og mun Matthias læknir Einarsson fyrir hönd frakkneska sjúkrahússins greiða útsvarið.-

6, Útsvar Böðvars Jónssonar Bergstaðastræti Nr. 45 var lækkað um helming bæði fyrir árið 1907 og 1908,þannig að hann að eins greiðir helming útsvars sins fyrir árið 1908,þvi hann mun þegar hafa greitt helming útsvars sins fyrir árið 1907.-

Þetta tilkynnist yður,herra gjaldkeri, hjer með til þess að þjer leiðrjettið niðurjöfnunarskrárnar samkvæmt þvi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
24. Marz 1909

496

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa synjað yður um leyfi til að nota hús yðar á Laugaveg 24 B áfram til íbúðar.
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með

Herra
Helgi Jósefsson, Laugaveg 24 B.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
24. Marz 1909. –

497

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa synjað yður um leyfi til að breyta verkstæðishúsi yðar á Skólavörðustíg 4 C. í íbúðarhús en byggingarfulltrúa var falið að rannsaka bygginguna og meðferð á lóð þeirri. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með. –

Herra
trjesmiður Jóhannes Lárusson
Laugaveg 46

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu borgarstjóra Reykjavíkur
24. marz 1909

498

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa synjað hlutafjelaginu „Batskabúð“ um byggingarleyfi þangað til greinilegur uppdráttur af lóðinni fylgir húsuppdrættinum.

Þetta tilkynnist hjer með. –

Til

Hlutafjelagsins „Batskabúð“

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
24. Marz 1909

499

Út af brjefi yðar dags. 12. þ.m. þar sem þjer æskið leyfis til að byggja lopthæð ofan á hús yðar við Hverfisgötu, þar verði aðeins 2 herbergi og að mega láta einn stiga nægja. Byggingarnefnd virðist svo margt athugavert við húsaskipunina á þessari lóð og þar umhverfis, að hún telur nauðsynlega rannsókn á því og synjar að svo komnu um samþykki sitt til þessarar byggingar.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með. –

Herra
Jón Jónsson Hverfisgötu 18 B.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
24. marz 1909

500

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa samþykkt þær breytingar frá uppdrætti fyrirhugaðs húss yðar, sem þjer farið fram á í brjefi dags. 8. f.m.

Þetta tilkynnist yður hjer með. –

Herra
Guðjón Jónsson, Norðurstíg 3
Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
24. Marz 1909

501

Með brjefi dags. 11. þ.m. hafið þjer sótt um eins árs framlengingu á byggingarleyfi á Neðra-Holtsbletti við Skólavörðustig. Byggingarleyfi þetta hafið þjer fengið 15. desbr. 1906, en afsalað yður sjálfur brjeflega húsmælingu 4. júní 1907. Byggingarnefndin lítur því svo á, að leyfi þetta sje burt fallið, og verði þjer því að sækja um nýtt byggingarleyfi. –

Herra
fyrv. fangavörður Sigurður Jónsson
Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. marz 1909

502

Fyrir nokkrum dögum var Ásbjörn nokkur Sigurðsson , Laugaveg 35, lagður á sjúkrahúsið hjer, veikur af taugaveiki og varð fátækranefnd Reykjavikur að taka á sig ábyrgð á legukostnaðinum. Vegna veikindanna varð æfiferilskýrsla Ásbjarnar ekki tekin að þessu sinni, en hann er álitinn að vera sveitlægur i Akraneshreppi.-Konu hans, sem hefur 5 börn varð samtimis að veita 30 kr. fátækrastyrk.-

Þetta tilkynnist hjer með og verður æfiferilskýrsla og aðsjónargjörð send siðar, ef svo reynist að Ásbjörn þessi sje sveitlægur i Akraneshreppi, og verður þá krafizt endurgjaldsgjalds á 2/3 hlutum af því, sem fátækrasjóður kann að þurfa að leggja út fyrir Ásbjörn og heimili hans.

Til hreppsnefndarinnar i Akraneshreppi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. marz 1909

503

Beiðni yðar dags. 23.f.m. um að fá hækkað meðlag með barninu Ønnu Margrjeti Sigriði Karlson úr 8 kr. 33a. á mánuð upp i 10 kr.,var tekin fyrir á siðasta fundi fátækranefndarinnar en var synjað.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra Jón Jónsson , Björnsbæ við Ánanaust.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
26. marz 1909

504

Bæjarstjórnin og veganefndin hafa svarað málaleitun ykkar i brjefi dags. 2.þ.m. um að fá settar skólppipur i Grundarstig á þá leið,að þar sem á fjárhagsáætlun bæjarins fyrir þetta ár,hefði ekki verið ætlað fje til þessa,þá yrði beiðninni ekki sinnt að svo komnu.En hinsvegar hefur veganefndin falið bæjarverkfræðingnum að fá lagað afrennslið við Grundarstig ef hægt er,og má til þess verja nokkru af fje þvi,sem ætlað er til aðgjörða og viðhalds götum og rennum.-

Þetta tilkynnist hjer með.-

Herra Árni Jóhannesson og Högni Finnsson , Grundarstig.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. marz 1909

505

Hjer með tilkynnist að bæjarstjórnin og veganefndin hefur samþykkt að tilboði ykkar um að selja bænum 220 álnir af leirpipum fyrir 229 kr., samkvæmt því, sem tekið er fram í tilboði ykkar 13. þ.m.-

Til Helga Magnússon & Co. , Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. marz 1909

506

Hjer með tilkynnist yður, að veganefndin hefur hafnað tilboði yðar dags. 13. f.m. um að selja bænum 220 álnir af sementsteypupípum til holræsa.-

Herra verksmiðjustjóri Böðvar Jónsson , Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S a n d t a k a .

Hjer með eru menn aðvaraðir um,að samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar er engum heimil sandtaka í fjörunni nema hann i hvert skipti hafi fengið til þess leyfi undirritaðs formanns veganefndarinnar.-

Borgarstjóri Reykjavíkur 26. marz 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret i Reykjavik

26. Marz 1909



508

Jeg undlader ikke herved at meddele,at byraadet har i et möde 18. d.m. besluttet ikke at ville reflektere paa deres ærede tilbud af 25. Nov. f.m. om levering af rör til byens vandværk.-

Med höjagtelse.-

Til Aktieselskabet Vilh.Sonesson & Co..

Köbenhavn.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

26. marz 1909

509

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra skólastjóri, að bæjarstjórnin hefur á fundi 18.þ.m. ákveðið að mæla með því, að herra prestaskólakennari Eiríkur Briem verði skipaður prófdómandi við próf það, sem á þessu vori á fram að fara á Stýrimannaskólanum.-

Herra skólastjóri Páll Halldórsson , Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

519

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

29. marz 1909

Eptir að þjer i dag höfðuð verið á skeifstofu minni og tjáð mjer, að yfirverkstjórar vatnsveitunnar hefðu skipað yður að hætta við verk það, er þjer hafið tekizt á hendur að vinna fyrir bæinn að greptri innanbæjar o.s.fr. hef jeg um þetta átt tal við yfirverkstjórana og fengið að vita hið sanna i því efni.-

Eins og jeg gizkaði á við yður, er það misskilningur af yðar hálfu, að yður hafi verið skipað að hætta greptrinum og sprenginunum ~~(og greptrinum)~~. Er því hjer með lagt fyrir yður að byrja þegar i stað á verkinu aptur og verði ekki vinnan byrjuð aptur með nægum erfiðismannafjölda i siðasta lagi i næsta miðvikudagsmorgun verður af hálfu yfirstjórnar vatnsveitunnar litið svo á, að þjer hafið afsalað yður verkinu og verður það að vera á yðar ábyrgð. Það sem eptir er af verkinu verður að sjálfsögðu unnið á yðar kostnað.-

Þetta að þjer skylduð áfram vinnunni var yður sagt hjer á skrifstofunni á laugardaginn, en þá að eins lagt fyrir yður að fylla ekki skurðina fyr en búið væri að líta eptir hvernig troðið væri undir rörin, og verður að sjálfsögðu að hlýta því, sem og öllum skipunum eptirmannanna að því er þetta snertir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
2. april '08

510

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa leyft yður, herra prentsmiðjueigandi, að taka burt gömul inngöngurið við hús yðar Austurstr. 17. setja nýjar dyr, eitt þrep inn í húsið, en eitt utan.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með. –

Herra
prentsmiðjueigandi Davíð Østlund
Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
2. April 1909

511

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa leyft yður, herra adjunkt, að gera fjós, hlöðu og for á Meistaravelli undir umsjón heilbrigðisnefndar, samkvæmt uppdratti þeim er fylgdu erindi yðar.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.

Herra
adjunkt Pálmi Pálsson,
Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
2. April 1909

512

Bæjarstjórnin hefur leyft hlutafjelaginu „Bakkabúð“ að reisa tvö áföst einlopta timburhús til íbúðar aðgreind með eldvarnargafli, samtals að stærð 20¼ × 10 al; og tveir skúrar hvor um sig 5 × 6 al. –
Þetta tilkynnist hjer með. –

Til
Hlutafjelagsins „Bakkabúð“.
Herra Guðm. Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
2. April '09. –

513

Bæjarstjórnin hefur leyft yður, að reisa einlopta íbúðarhús úr timbri á lóðinni við Grettisg. 22 B á lóðarmörkum með eldvarnarvegg í austurenda. Húsið er 10° x 10° með forstofu 2° x 3½° og skúr 2° x 3½° og er leyfið bundið því skilyrði, að í skúr þennan verði settur eldvarnarveggur að austan, með því að þar er skúrinn að eins rúmar 3° frá mörkum. –

Herra
Jónas Guðmundsson, Grettisg. 22 B

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
2. April 1909

514

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa leyft yður að reisa skúr 4° x 9° á suðausturhorni lóðar yðar Njálsgötu 26.
Þetta tilkynnist yður hjermeð.

Herra
Kristinn Guðmundsson
Njálsg. 26

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
2. April 1909

515

Byggingarnefndin hefur af sinni hálfu veitt yður, herra trjesmiður, undanþágur frá því að breyta bitum og setja milligólf í vesturenda húss yðar Bankastræti 14, sem þjer eruð að breyta í íbúð. – Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með. –

Herra
trjesmiður Sveinn Sveinsson
Bankastr. 14

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
2. April '09

516

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa synjað yður um leyfi til að byggja ofan á húsið Hverfisgötu 18 B.
Þetta tilkynnist yður hjermeð. –

Herra
Jón Jónsson, Hverfisg. 18 B

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
2. April 1909.

517

Bæjarstjórnin hefur leyft H. Th. A. Thomsensverslun að setja dyr í glugga stað austan á framhlið hússins Hafnarstræti 22.

Þetta tilkynnist hjer með.

Til
H. Th. A. Thomsensverslunar
Rvík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
2. April 1909

518

Hjermeð tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur leyft yður að gera íbúð í helming kjallarans undir húsi yðar Frakkastíg 19, að áskildu samþykki heilbrigðisnefndar.–

Herra

Gunnar Bjarnason

Bergstaðastr. 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
2. April 1909

519

Hjermeð tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur leyft yður að lengja hús yðar við Laugaveg 71 10 al. breitt um 3 álnir, í lengingarinnar stað fellur niður skúr jafnstór um sig. Ennfremur var yður leyfður inngönguskúr 2 a × 2½ a.

Herra
Einar Jónsson, Laugaveg 71

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
2. April 1909

520

Byggingarnefndin hefur leyft yður, herra járnsmiður, að setja nýjar dyr á stað miðglugga á kjallaranum undir húsi yðar Lækjargötu 10, og niðurgang í kjallarann, með því móti að niðurgangan fari ekki yfir 10" fram frá húshlið. –

Þetta tilkynnist yður hjermeð. –

Herra
járnsmiður Þorsteinn Árnason
Lækjarg. 10

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
2. April 1909. –

521

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa leyft yður, herra trjesmiður, að gera hesthússkúr 5¼ × 9½° við Laugaveg 77 B, að tilskildu leyfi heilbrigðisnefndar. –

Þetta leyfist jeg mjer að tilkynna yður hjer með. –

Herra
trjesmiður Sigurður Jónsson
frá Fjöllum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur.
2. April '09

522

Erindi yðar, herra járnsmiður, dags. 27. f. m. svarar byggingarnefndin á þessa leið, „ at við neðri hluta Hverfisgötu vilji hún ógjarnan leyfa nema vandhús og sjeleg, og synjar yður um leyfi til að gera þar bráðabirgðaskúr. –

Þetta tilkynnist yður hjer með. –

Herra
járnsmiður Páll Magnússon
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
2. April 1909

523

Á síðasta fundi samþykkti byggingarnefndin að kæra Jóhannes Lárusson trjesmið hjer í bænum fyrir ólöglega sundurskipting og byggingu á lóðinni Hverfisg. 18 til sekta og lagfæringa. -

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bæjarfógeti, með tilmælum um, að þjer vilduð láta rannsaka þetta, og reynist hinn kærði sekur, að kært ákæruvald komið fram á hendur honum, og hann jafnframt skyldaður til með dómi, að rífa niður byggingar þær, er hann kann að hafa sett á lóðina ólöglega, og lagfæra það, er hann kann að hafa gjört öðruvísi en hann mátti.

Jeg vænti að bæjarverkfræðingurinn verði látinn gefa skýrslu í rjettinum um þetta. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

550

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
2. April 1909

524

Á fundi byggingarnefndarinnar 26. f.m. var samþykkt að kæra Jónas Guðmundsson, Hverfisg. 18 fyrir að hafa byggt salerni í leyfisleysi og of nærri mörkum.

Það eru því tilmæli mín að þjer, herra bæjarfógeti, viljið koma fram ábyrgð á hendur nefndum Jónasi og hann skyldaður til að rífa salernið tafarlaust —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjórans
2. April 1909

525

Byggingarnefndin samþykkti á síðasta fundi, að kæra Jóhannes Hjetmut Lárusson hjer í bænum fyrir að hafa ekki rifið niður ólöglega byggt salerni.

Eru það því tilmæli mín, að þjer, herra bæjarfógeti, rannsakið þetta og með dómi skyldið Jóhannes til að rífa salernið tafarlaust. Byggingarfulltrúinn mun gefa nauðsynlegar upplýsingar í þessu efni.

551

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykj.
2. April 1909

Á síðasta fundi samþykkti byggingarnefndin að kæra Ólaf Magnússon trjesmið og Kristófer Sigurðsson járnsmið hjer í bænum fyrir ólöglega sundurskiptingu á lóðinni við Skólavörðustíg 4 til sekta og lagfæringa.

Þetta tilkynnist yður, herra bæjarfógeti, með tilmælum um að þjer vilduð láta rannsaka þetta og reynist hinir kærðu sekir, óskast ábyrgð komið fram á hendur þeim og þeir jafnframt skyldaðir með dómi að rífa niður byggingar þær, er þeir kunna að hafa sett á lóðina ólöglega, lagfæra það er þeir kunna að hafa gjört öðruvísi en mátti.

Jeg vænti að bæjarverkfræðingurinn verði látinn gefa skýrslu í rjettinum um þetta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. april '09

527

Hjer með tilkynnist yður, herra trjesmiður, að bæjarstjórnin samþykkti brunabótavirðingu á húseign yðar fyrir vestan Rauðarárstíg á kr. 5624.00, með því skilyrði, að þjer látið gjöra akfæran veg að húsinu áður en það er tekið til afnota. –

Jeg vænti að þjer látið mjer í tje skýrslu hvort þessi akfæri vegur sje kominn. –

Herra
trjesmiður Sveinn Jónsson
frá Vatnsenda

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á síðastliðnu sumri tóku þeir G. Lössl og O. V. Kjögx að sjer fyrir ákveðið verð að gjöra skurð m. m. fyrir vatnsveitupípunum á svæðinu frá Rauðarárholti að Elliðaánum. Verk þetta framkvæmdu þeir, en auk upphæðar þeirrar, sem þeim var heitið fyrir verkið, hafa þeir krafist að fá útborgaðar kr. 4783.65 fyrir verk, er þeir álíta sig hafa látið Reykjavíkurbæ í tje auk þess, sem þeir voru skyldir til samkvæmt samningnum. Vatnsveitunefndin hefur ekki viljað viðurkenna reikning þennan, og hefur því komið sjer saman við þá G. Lössl og O. V. Kjögx að leggja ágreininginn í gjörð. Jeg leyfi mjer því að senda yður sem kjörnum gjörðardómendum eptirgreind skjöl:

1. Samninginn um að leggja málið í gjörð dags. 24. þ. m.
2. Reikning G. Lössl og O. V. Kjögx dags. 30 Okt. f. á., sem ágreiningurinn er um.–
3. Útboðsskilmála um gröft á skurði frá Rauðarárholti að Elliðaánum.–
4. Aðkomið tilboð G. Lössl og O. V. Kjögx um að vinna verkið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Eptirrit úr gjörðabók vatnsveitunefndar og bæjarstjórnar, innihaldandi samþykki á tilboðinu

Önnur skjöl, er gjörðardóminum kemur að þurfa svo sem teikningu (profil) af ofangreindum skurði frá Rauðarárholti að Elliðaánum, lýsingu á jarðveginum o. fl. munu verða látin í tje af verkfræðing H. A. Hansen frá vatnsveituskrifstofunni.

Við reikninginn leyfi jeg mjer að gjöra eptirfylgjandi athugasemdir:

1. liður kann samþykkist
2. liður samþykkist sömuleiðis
3. liður það er ekki rjettfengt að akkorðshafar hafi sprengt hin þar um ræddu 390 teningsfet, en verðið virðist allt of hátt. Vatnsveitunefndin telur sprenginguna fullborgaða með 40 aurum fyrir hvert teningsfet og krefst því, að þessi liður verði færður niður um helming eða niður í 156 kr.
4. liður. Vatnsveitunefndin hyggur, að einhver misskilningur eða misgáning hafi átt sje stað að því er þennan lið snertir. Sam-
kv... [illegible]

1. liður [illegible] — 1. liður grafa frá [illegible] frá lagstum pípum — skurðinum, svo

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

at vatn gæti runnið úr honum. Þetta var
líka gjört. Alstaðar þar sem slíks þótti þurfa
voru fráræsluskurðir gjörðir og getur gjörðar-
dómurinn með því að skoða staðhætti og
uppdráttinn fullvissað sig um, að þessir
skurðir hafi þurkað upp megnið af pípu-
skurðinum. Vatnsveitunefndinni kemur
því mjög á óvart, að nokkur verulegur
vatnsaustur hafi þurft að eiga sjer stað, og
því síður að til hans hafi þurft 3340 vinnu-
tíma, ekki síst þegar þess er gætt, að pípu-
lagningin fór fram í þurkatíðum hásumars.
Áður en vatnsveitunefndin samþykkir
vinnutímatöluna, krefst hún þess, að akkorð-
hafar leggi fram sundurliðaða vinnu-
skýrslu fyrir dag hvern yfir vinnu þessa
og óskar að gjörðardómurinn fái vissu
fyrir því hjá þeim, er verkið unnu, að hjer
eigi sjer ekki neinn misgánings-oftalning
stað, eins og líka aðaltilsjónarmaður vatns-
veitunnar, herra verkfræðingur H. A. Hansen,
hefur væntanlega litið sjálfur eða látið líta
daglega eftir, hve mikil vinna fór til þessa
þar til þessi skýrsla er k[illegible]

*) Vatnsveitunefndin sjer ekki skylt að greiða þennan lið
reikningsins. Athugasemdum [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mínum við þennan lið hef jeg að sjálfsögðu gengið út frá, að hjer sje að eins átt við vatns-auka, er nauðsynlegur var til þess, að pípu-lagningin gæti farið fram. Samkvæmt 6. gr. útboðsskilmálanna er það augljóst, að verk-takendur áttu sjálfir að annast vatnsaukann þann, er þurfti til að grafa skurðinn, að svo miklu leyti frárenslisskurðirnir ekki fluttu vatnið burt. Samkvæmt útboðsskilmálun-um hvíldi engin önnur skylda á bæjar-stjórninni að þessu leyti, en sú að láta grafa frárenslisskurðina og þeirri skyldu hefur verið fullnægt.

Á annan stað er það við þennan lið reikningsins að athuga að hæsta tímaborg-un, sem þeir G. Hössl og O. V. Kjögx munu hafa greitt almennum verkamönnum við skurðgröptinn, mun hafa verið 35 a., og meira telur vatnsveitunefndin sjer ekki skylt að greiða, því sjálf hefði hún getað fengið fullduglega menn fyrir þá borgun eða lægri. Stundarborgunin er því oftalin á reikningnum um 10 aur. fyrir hverja vinnustund. +

+ þess dýrt sje og [illegible] vatnsveitunefndin [illegible] á að greiða 1 kr. í leigu af sogdælunni hvern dag sem hún hefur verið brúkuð að staðaldri. Þar sem kemur henni ókunnuglega fyrir, að sogdælan hafi verið 78 daga. Þar skýrsla sú sem gefin verður um daga – og

558

tímavinnunni við vatnsv[illegible]
gefið venjulega nægar upplýsingar um
þetta. Og verði það upplýst með þeirri skýrslu að
þeir sem hafi verið notaðir að staðaldri 78 daga
móti því að greiða hina áskildu leigu.
samþykkt að öðru leyti en því, að borg-
unin fyrir hverja vinnustund er ákveðin
um 10 aura. Vatnsveitunefndin krefst því
að liður þessi verði færður niður um 22 kr. 30 a.
Vatnsveitunefndin álítur sjer ekki skylt að
greiða neitt af þessum lið, og krefst því að hann
verði felldur burt. Verktakandi átti sem sje
samkvæmt samningnum að grafa sjálfur
múffuholurnar, þar sem þess þurfti við;
þetta álít jeg vera beint tekið fram í 4. gr.
samningsins, þar sem stendur, að verktak-
andi sje skyldur til að haga greftrinum svo,
að skurðurinn sje tilbúinn þegar pípulagn-
ingin geti farið fram. Skurðurinn er ekki
tilbúinn til pípulagningar fyr en einnig er
búið að grafa fyrir múffunum. Allur samn-
ingurinn ber það líka með sjer, að þetta var
meiningin. Tillagan var skipt í tvent.
[illegible] var öll vinna [illegible]

©.Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mokstur, flutning á efni til uppfyllingar í
garðinum o. s. frv. hinsvegar var sjálf pípu-
lagningin, samsetning pípnanna o. s. frv.
dýrra verkið tóku þeir að sjer í sameiningu
J. Hössl og O. V. Kjögx, en hið síðara G. Hössl
einsamall. Um neitt verk, er þar lægi á
milli gat ekki verið að ræða, er bænum
bar skylda til að greiða. Þetta er því ljósara
sem verktakendur gátu samkvæmt útboðs-
skilmálunum hagað verkinu eftir vild svo,
að engar muffuholur þyrfti. Ef þeim var
sleppt voru þeir aðeins skyldir til að hafa
garðinn ofan á pípunum þeim mun hærri.
Allar muffuholur voru því óþarfar, auk
þess sem kom at [illegible] hjá þeim með því
að leggja trjebúta undir pípurnar, og vænti
jeg að herra verkfræðingur H. A. [illegible] muni
gefa gjörðarstjórnum þar upplýsingar, ef
með þarf, um þetta.
En þótt svo yrði álitið móti von að bæinn
ætti að greiða eitthvað fyrir gröpt muffu-
holanna, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að upp-
hæð sú sem tilgreind er á reikningnum
sje svo óskiljanlega há að einhver mis-
skilningur eða misgáningur hafi hlotið
að eiga sjer stað. Öll leiðin frá Rauðarár-
holti að Elliðaánum mun vera c. 6170 m.
þar sem hver pípa er 4 metrar eru aðeins
c. 1542 pípusamsetningar og eftir því ætti hver

í muffuholu at hafa [illegible] á [illegible] er [illegible] að [illegible]. þess er
alltaf [illegible]. En þetta virðist ekki geta [illegible] nokkurn átt.

að gæta, að á stórum köflum gat alls ekki verið um reinar, misfellur, holur að ræða, sem sjá á öllum þeim köflum, þar sem mýrarbotn var og áfyllingu þurfti að keyra í skurðbotninn áður en pípurnar voru lagðar. Hve langir þeir kaflar voru sjest af uppdrættinum. Þá var ennfremur skurðbotninn í megninu af hinum hluta skurðsins mjúkur jarðvegur, en þar sem svo er kostar sama sem ekkert að stinga holu fyrir muffunni. Að eins á stuttum köflum voru klappir undir pípunum, og það eru þá að eins þær holur, sem hafa getað kostað nokkuð, sem nemi. Það á hatt nú upplýst fyrir hve mörgum holum hafi verið sprengt, og yfirhöfuð sundurliðuð skýrsla um þennan lið reikningsins. Er það varakrafa vatnsveitunefndarinnar, að liður þessi verði færður hæfilega niður ef gjörðardómurinn ekki vill taka aðalkröfuna til greina og fella liðinn algjörlega burtu.

9. liður. Jeg geng út frá, að það sem þessi liður ræðir um hafi verið látið í tje samkv. ósk verkfræðings H. M. Han[illegible]

9. liður. Jeg geng út frá að verkfræðingur Hansen hafi rannsakað að þessa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sje rjettilega krafizt og samþykkt frá liðunum.

Jeg legg svo reikninginn undir rann-
sókn og úrskurð hins háttvirta gjörðadóms
en áskil mjer rjett til að koma seinna
fram með frekari andsvör, ef þess kynni
að þurfa, eptir að fengnar eru skýrslur
þær, er jeg bjer að framan hef beðið um,
sjerstaklega um 4. og 7. lit.

Vindingarstjórn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

7. april 1909

530

Um miðjan aprilmánuð 1907 var fiskur gjörður upptækur úr botnvörpuskipum hjer á höfninni, hann fluttur í land og seldur við opinbert uppboð fyrir landsójóðinn. Fiskurinn var var lagður í land og seldur á pallinum austanvert við hafnarbryggjuna, sem þá var verið að gjöra við. Sá sem hafði aðgjörðina á hendi, herra bankastjóri Tryggvi Gunnarsson varð að greiða fyrir hreinsun pallsins og bryggjunnar 30 kr., er hann krafðist endurgjalds á úr hafnarsjóði og fjekk greiddar.. Upphæð þessi hefði átt að greiðast af uppboðsandvirði hins selda fiskjar ásamt öðrum uppboðskostnaði, en endurgjalds var ekki krafizt af hinni þáverandi hafnarnefnd. Hafnarsjóðurinn telur sig því eiga þessa upphæð til góða hjá landssjóði, og samkvæmt úrskurði bæjarstjórnarinnar á hafnarreikningnum fyrir árið 1907 leyfi jeg mjer að fara þess á leit, að hafnarsjóðnum verði endurgoldin upphæð þessi úr landssjóði.-

Kvittun herra bankastjóra Tryggva Gunnnarssonar fyrir upphæðinni og skýrsla hans hjer að lútandi fylgir hjer með, og óskast endursend með hæztvirtu svari stjórnarráðsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret i Reykjavik

7. April 1909

529

Samtidig med at meddele dem, hr. ingenieur, at Vandværksudvalget og Dherr. G. Lössl og O.V.Kjögx er kommen overens om at underkaste sidstnævtnes regning over extraarbeide ved gröften for vandledningen fra Rauðarárholt til Ellidaaaen voldgift, anmodes de herved om at tilstille voldgiftsdomstolen saavel kort og jordbundsbeskrivelse af bemeldte strækning, som andre oplysninger, som dommerne maatte önske. Det bemærkes at til dommere er valgte Dhrr. telegrafdirektör O. Forberg og ingenieur Th. Krabbe, som igen vælge en opmand.-

Med höjagtelse.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
7. april 1909

531

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur að þessu sinni synjað yður um launahækkun sem sótara bæjarins. Til upplýsingar er þess jafnframt getið, að þessu var synjað þegar af þeirri ástæðu, að laun yðar eins og þau eru nú hafa verið fastákveðin fyrir árið i fjárhagsáætlun bæjarins, og út af henni verður ekki brugðið. Ef þjer seinna sækið um launahækkun verður sú beiðni að koma fram þegar fjárhagsáætlunin verður rædd fyrir næsta ár, ef nokkur von á að vera um, að hún beri árangur.-

Herra sótari Kristján Sæmundsson, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

7. april 1909

532

Fyrir nokkrum dögum kom hingað til bæjarins stúlka að nafni Guðrún Árnadóttir, að sögn hennar send hingað af hreppsnefnd Innri- Akraneshrepps til lækninga. Hún hafði að eins 10 kr. meðferðis, en veikindi hennar voru þess eðlis, að læknirinn áleit nauðsynlegt að leggja hana þegar á sjúkrahúsið. Þar fjekk hún ekki inntöku nema gegn ábyrgð fátækranefndarinnar hjer, og tókst því fátækranefndin ábyrgð á legukostnaðinum til bráðabyrgða og gegn fullu endurgjaldi frá Innri- Akraneshreppi.-

Þetta tilkynnist hjer með og er það jafnframt krafa fátækranefndar kaupstaðarins, að, að hreppsnefnd Innra- Akraneshrepps gangi sjálf i ábyrgðina þannig að fátækranefndin hjer losist við hana. og að sjálfsögðu verður hreppsnefndin að greiða legukostnaðinn á sinum tima að fullu.-

Til hreppsnefndarinnar i Innra- Akraneshreppi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

7. april 1909

533

H'usmaður hjer, Jón Magnússon, að nafni hefur i vetur orðið að fá hjer fátækrastyrk til framfæris sjer og fjölskyldu sinni, alls að upphæð 60 kr., eins og meðfylgjandi reikningur ber með sjer. Aðsjónargjörð þá, er fram fór hjá honum áður en styrkurinn var honum fyrst veittur sem og æfiferilskýrslu hans sendi jeg hjer með, og ber æfiferilskýrslan með sjer, að hann er sveitlægur i Bæjarhreppi i sýslu yðar. Eru það því tilmæli min, að þjer, herra sýslumaður, innheimtið 2/3 hluta af styrksupphæðinni eða 40 kr. hjá Bæjarhreppi og sendið mjer við fyrsta tækifæri.-

Þ ess skal getið, að atvinnuleysi og veikindi á heimili Jóns eru einustu orsakirnar til þess að hann hefur þurft að þiggja fátækrastyrk, og fái hann atvinnu á sumri komandi er þess að vænta, að hann endurgjaldi styrkinn, en það er hvorutveggja óvisst að hann fái þá atvinnu, er honum dugar, enda er fátækranefndinni ekki skylt að bíða þess tima eptir endurgreiðslunni.-

Til Sýslumannsins i Strandasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. apríl 1909

534

Með brjefi þessu leyfi jeg mjer að leiðrjetta það í brjefi mínu til hreppsnefndarinnar, að fátækranefndin hjer hafi orðið að ganga í ábyrgð fyrir legukostnaði Ásbjarnar Sveinssonar á Laugavegi 73. Það var annar Ásbjörn er lagður var á sjúkrahúsið og fátækranefndin hjer gekk í ábyrgð fyrir.-

Einnig leiðrjettist það í brjefi mínu, að Ásbjörn Sveinsson þessi hafi þegið styrk hjer að upphæð 60 kr.- Það sem hann til þessa hefur þegið nemur að eins 40 kr.-

Velvirðingar er beðið á þessum misgáningi.-

Til hreppsnefndarinnar í Villingaholtshreppi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

7. april 1909

535

Til svars heiðruðu brjefi yðar, velæruverðugi herra prestur, dags. 6. febr. þ.á., er yður hjer með tjáð, að jeg hef ekki í bókum fátækranefndarinnar getað fundið það, að Guðmundi Guðmundssyni frá Kópavogi, þeim, er nefnt brjef yðar ræðir um, hafi verið veittur sveitarstyrkur hjer í bænum og er því frá hálfu fátækranefndarinnar ekkert því til fyrirstöðu, að hann verði giptur.-

Til sóknarprestsins í Húsavíkurprestakalli.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. april 1909

536

Með heiðruðu brjefi dags. 13. febr. þ.á. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer brjef hreppsnefndar Hraunhrepps dags. 30. jan. þ.á., þar sem hún biður um ýtarlegri skýrslu um ástæður Guðmundar Erelndssonar í Bjarnaborg og æfiferilskýrslu hans, áður en hún sam þykki að endurgreiða að sínu leyti 2/3 hluta styrks þess, er honum hefur verið veittur hjer af fátækrasjóði.-

Jeg sendi yður nú, herra sýslumaður sýslumaður, hjer með áleiðis til hreppsnefndarinnar í Hraunhreppi æfiferilskýrslu nefnds Guðmundar, er jeg hef tekið. Ber þessi skýrsla það með sjer alveg ótvirætt, að Guðmundur er sveitlægur í Hraunhreppi.-

Hvað styrkveitinguna honum til handa snertir, þá ber skýrslan líka með sjer hvernig henni er varið. Guðmundur settist hjer að í húsmennsku næstliðið ár og verður að sjálfsögðu að standa að öllu leyfi straum af heimili sínu, þótt hann ekki sje giptur. Hann er að eins faðir annars barns bústýru hans, en með hinu barninu gefur faðir barnsins, svo að það er heimilinu ekki til meinna þýngsla. Guðmundi og heimili hans hefur í vetur ekki verið veittur meiri styrkur, en nauðsynlega þurfti til að forða honum og heimili hans frá sulti. En þar sem hann hefur verið atvinnulaus í allan vetur er skuld hans við fátækrasjóðinn hjer nú orðin 115 kr.- Bið jeg yður, herra sýslumaður, að innheimta 2/3 hluta upphæðar þessarar hið allra fyrsta hjá Hraunhreppi, og ætti hreppsnefndin þar að ráðstafa Guðmundi hið fyrsta.
Brjef hreppsnefndar Hraunhrepps endursendist.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. apríl '09

537.

Jeg sendi yður, herra bæjarfógeti, hjer með brunabótavirðingu á húseign Jóns Þórarinssonar fræðslumálastjóra, er bæjarstjórnin hefur samþykkt á fundi í gær. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. April '09.

.548

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær, var samþykkt brunabótavirðing á húseign Jóns Þórarinssonar, fræðslumálastjóra, við Laufásveg á kr. 13824.00. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra brunamálastjóri, hjermeð. –

572
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. April '09.

539

Byggingarnefndin hefur leyft yður herra járnsmiður, að reisa bráðabirgða-skúr á lóð yðar ofanvert við húsið Skólavörðustíg 5. skúrinn er 12° x 12° að stærð. Skúrinn skal standa í stefnu við hús Þórðar Bjarnasonar og yður skal skylt að rífa hann þegar krafist verður.
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með. –

Herra
járnsmiður Páll Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. April '09

540

Bygginganefndin hefur leyft yður, að gera salerni á lóð yðar við Hverfisg. 18 með því skilyrði, að eld-varnarveggur sje þar sem of skammt verður að mörkum. –
Þetta tilkynnist yður hjer með. –

Herra
Jónas Guðmundsson, Hverfisg. 18

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. April '09

541

Byggingarnefndin leyfir yður, herra trjesmiður, fyrir sitt leyti að flytja safgryfju á lóð yðar við Skólavörðustíg á þann stað er þjer farið fram á í brjefi dags. 6. þ. m., með því skilyrði að nýja gryfjan fullnægi fyrirmælum byggingarsamþ. og heilbrigðissamþ.

Þetta tilkynnist yður hjer með. –

Herra
trjesmiður Sveinn Sveinsson
Bankastr. 14

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. April '09

542

Byggingarnefndin hefur á fundi s. þ. m. synjað yður um leyfi til að mega hafa áfram eldhús í útbyggingunni við hús yðar, Laugaveg 24 B, einnig synjað yður að setja dyr gegnum gaflinn á húsinu.

Þetta tilkynnist yður hjer með. –

Herra
Helgi Jósepsson Laugaveg 24 B

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. April '09

543

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa leyft yður, herra járnsmiður, að byrja niðurgöngu í kjallara á húsi yðar 18" fram frá húslínunni.
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.—

Herra
járnsmiði Þorsteini Tómassyni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. April '09



535
543

Jeg sendi yður, herra bæjarfógeti, hjer með brunabótavirðingu á húseign Sveins Jónssonar frá Vatnsenda, er bæjarstjórnin samþykkti á fundi 1. april –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16 April '09.

~~536~~
545

Hjermeð tilkynnist yður, herra bruna-málastjóri, að bæjarstjórnin samþykkti á fundi 1. þ.m. brunabótavirðingu á húseign Sveins Jónssonar fyrir vestan Rauðarárstíg á kr. 5624.00.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. April '09

546

Á síðasta byggingarnefndarfundi var það samþykkt, að kæra Jóhannes Lárusson snikkara til sekta fyrir það að hafa byggt salerni eldvarnaveggjalaust á Hverfisg. 18 b, og vill nefndin fá hinn núverandi eiganda hússins skyldaðan til að rífa niður salernið innan mánaðar hjer frá, nema því að eins að hann hafi innan þess tíma gjört löglegan eldvarnargafl.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bæjarfógeti, til að þjer takið það til meðferðar lögum samkvæmt, og mun byggingarfulltrúinn gefa yður þær upplýsingar er með þarf í þessu efni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

[illegible]9. apríl 1909

Bæjarstjórnin hefur á fundi 18. f.m. samþykkt að kaupa af Eiríki járnsmið Bjarnasyni og syni hans erfðafestuland þeirra við tjörnina sunnanverða, svonefndan "S[illegible]o húsblett" og eru samningar um kaupin gjörðir í dag. Samkvæmt þeim ber bæjarsjóði að greiða Eiríki Bjarnasyni nú þegar 1000 kr., og er því hjer með lagt fyrir yður, herra gjaldkeri, að greiða honum upphæð þessa og færa hana honum til útgjalda undir 16. útgjaldalið áætlunarinnar.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

20. april 1909

548

Til mín sem formanns fátækranefndarinnar hefur komið stúlkan Þóra Andrjesdóttir, sem nú hefur orðið að þiggja fátækrastyrk til framfæris barni sínu, og tjáð mjer að hún hafi verið ráðin sem hjú hjá Stefáni Gíslasyni í Vestmannaeyjum frá 1. október næstliðið ár til 11. maí þ. á. fyrir 80 kr. kaupgjald, en að hann nú fyrir stuttu hafi vísað sjer án tilefnis burt úr vistinni og neitað að greiða hið lofaða kaupgjald, að undanteknum 16 kr., er hún hafði fengið hjá honum til skófatnaðar áður en hún fór. Hefur Þóra farið þess á leit, að jeg veiti henni aðstoð til þess að fá innheimt það, sem hún eigi eptir af kaupi sínu hjá nefndum Stefáni Gíslasyni.-

Fyrir því sný jeg mjer hjer með til yðar, herra sýslumaður með tilmælum um, að yður vildi þóknast að höfða mál gegn nefndum Stefáni Gíslasyni til innheimtu á ofangreindu kaupgjaldi og til skaðabóta fyrir vistrofin, og vænti jeg að þjer skipið einhvern góðan mann til þess að gæta rjettar Þóru undir rekstri málsins.-

Til Sýslumannsins í Vestmannaeyjasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20. april 1909

549

Með því að krafa yðar um að verða tekin á alþingiskjörskrá bæjarins fyrir árið 1909 1910 ekki hafði inni að halda allar þær upplýsingar, er kjörskrárnefndinni þóttu nauðsynlegar til þess að kveða upp úrskurð um, hvort þjer ættuð rjett á að verða tekin á kjörskrána, eruð þjer hjer með aðvaraður um að mæta hjer á skrifstofu minni miðvikudaginn 28. þ.m. kl. 5 e.h., til þess að gefa upplýsingar þær, er með þurfa í því efni, en þá heldur kjörskrárnefndin fund til þess að kveða upp úrskurð um, hvort þjer skulið tekin á kjörskrána.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20. april 1909

550

Hjer með tilkynnist leikfjelaginu, að bæjarstjórn Reykjavikur hefur veitt því 500 króna styrk úr bæjarsjóði fyrir yfirstandandi leikár. Má vitja upphæðar þessarar hjá gjaldkera bæjar hvenær sem er.-

Til Leikfjelags Reykjavikur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20. april 1909 552

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að bæjarstjórnin hefur samþykkt að veita leikfjelagi Reykjavikur 500 króna styrk úr bæjarsjóði fyrir yfirstandandi leikár.- Er því hjer með lagt fyrir yður að greiða leikfjelaginu upphæð þessa og færa bænum hana til útgjalda meðal óvissra útgjalda.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20. april 1909

553

Hjer með eruð þjer, herra bæjarfulltrúi, beðinn um að koma á kjörskrárnefndarfund, er haldinn verður á skrifstofu minni miðvikudaginn 28. þ.m., til þess að úrskurða um, hvort taka skuli þá menn á alþingiskjörskrá, er bæjarstjórnin frestaði að tka ákvörðun um á næstsíðasta fundi.- Fundurinn byrjar kl. 5. e.h. og hefur kærendunum verið gjört aðvart um hann.-

Herra bæjarfulltrúi Klemens Jónsson, Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

20. april 1909

554

Hjer með eruð þjer, herra bæjarfulltrúi , beðinn um að koma á kjörskrárnefndarfund, er haldinn verður á skrifstofu minni miðvikudaginn þ. 28. þ.m. kl. 5 e.h., til þess að úrskurða um, hvort taka skuli þá menn á Alþingiskjörskrá bæjarins, er bæjarstjórnin frestaði að taka ákvörðun um á næstsíðasta fundi. Kærendurnir hafa verið aðvaraðir um fundinn.-

Herra bæjarfulltrúi Jón Jensson , Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. april 1909

555

Hjer með tilkynnist yður, herra entreprenör, að bæjarstjórnin hefur á fundi 20. þ.m. samþykkt tilboð yðar dags. 9.þ.m. um skurðgröpt og pipulagningu vatnsveitunnar frá Gvendarbrunnum að Veiðimannahúsunum. Samþykkið var þó bundið þeim skilyrðum, að innanbæjarverkamenn verði látnir sitja fyrir vinnunni, að þjer kaupið byrgðir bæjarins af dynamitti, sprengihettum og kveykiþræði, og að ekki verði unnið að því að leggja undir Elliðaárnar mánuðina júní- ágúst, nema með sjerstöku leyfi bæjarstjórnarinnar.-

Herra entreprenör O.V.Kjögx, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret i Reykjavik

23. April 1909

556

Jeg har den fornöjelse herved at meddele dem, at Byraadet har 20. d.m. accepteret entreprenör O.V.Kjögx's tilbud af 9. d.m. paa gröft og rörledningsarbeide for vandledningen fra Gvendarbrunnar til vestsiden af Ellidaelven. Accepten er dog betinget af, at entreprenören anvender indenbysarbeidere, at han köber byens beholdning af dynamit, knaldhætter og fængtraad, og at der ikke bliver arbeidet med at lægge ledningen under Laxeelven i maanederne Juni - August, med mindre byraadet giver særlig tilladelse dertil.-

Jeg forventer, at De ,hr, ingenieur, oppsætter den endelige kontrakt angaaende dette ved förste behagelige lejlighed.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. april 1909

556

Bæjarstjórn Reykjavikur hefur keypt af Eiriki járnsmið Bjarnasyni og Helga syni hans svonefndan "Skothúsblett" við suðurenda tjarnarinnar, og fyrir eptirstöðvum af kaupverðinu hefur gefið hinum fyrnefnda skuldabrjef að upphæð 2000 kr., og hinum síðarnefnda skuldabrjef fyrir 1500 kr. Í vexti af skuldum þessum eiga að greiðast árlega 4% og höfuðstóllinn að endurborgast með 1/7 hluta árlega. Jeg sendi yður hjer með samrit af skuldabrjefum þessum og er lagt fyrir að sjá um, að vextir og afborganir af þeim verði greiddir á rjettum gjalddögum.-

Eirikur Bjarnason hefur tekið nefnda erfðafestubletti á leigu um næstu 7 ár fyrir 180 króna árlegt afgjald, er greiðast á 1. okt. ár hvert, í fyrsta sinn 1. okt. þ.á.-Samrit af leigusamningi þessum sendist hjer með og ber yður að innheimta eptirgjaldið á gjalddaga og færa bænum það til tekna undir 4. tekjulið áætlunarinnar.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur.

23. april 1909

557

Jeg sendi yður, herra bæjarfógeti, hjer með tvö afsalsbrjef dags. 19. þ.m., útgefin af Eiriki Bjarnasyni Járnsmið til handa bæjarstjórn Reykjavikur fyrir svonefndum "Skothúsbletti", og bið jeg yður að þinglesa þau á næsta bæjarþingi.-

Ennfremur sendi jeg hjer með til aflýsingar veðbrjef Eiriks Bjarnasonar til Landsbankans dags. 7. júni 1906 með veði i hálfum Skothúsbletti.-

Þinglestrar- og aflýsingargjaldið verður greitt yður samkvæmt reikningi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. april 1909

558

Í framhaldi af brjefi minu dags. 16. f.m. sendi jeg hjermeð reikning sjúkrahúss St. Jósefssystra i Landakoti yfir legukostnað stúlkunnar Guðlögar Helgadóttur, að upphæð kr. 52,50, er fátækranefnd Reykjavikur hefur orðið að greiða samkvæmt ábyrgð þeirri, er hún varð að takast á hendur. Er þess jafnframt krafizt að hreppsnefndin endurgjaldi hið fyrsta 2/3 hluta af legukostnaði þessum.-

Jafnframt sendist hjer með æfiferilskýrsla nefndrar stúlku.-

Til hreppsnefndarinnar i Kjalarneshreppi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
23. april 1909

559

Fátækranefnd Reykjavíkur hefur orðið að greiða legukostnað dóttur yðar á St. Jósefs spitala að upphæð kr. 52,50, samkvæmt ábyrgð þeirri, er nefndin hafði tekizt á hendur fyrir yður. Er því hjer með skorað á yður að endurgjalda upphæð þessa hið allra fyrsta.-

Herra húsmaður Hlegi Jónsson, Óðinsgötu 7.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. april 1909

560

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 25 kr., sem er endurgjald frá Neshreppi -Ytri í Snæfellsnessýslu á meðlagi, er greitt var úr fátækrasjóði fyrir Magnús Dalhoffsson 26. jan. þ.á.-

Fyrir þessu óskast kvittun.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
23. april 1909

561

Með heiðruðu brjefi dags. 17.f.m. hefur hreppsnefndin sent mjer 25 kr. til endurgjalds barnsmeðlagi áföllnu 30. des. f.á.,er fátækrasjóðurinn hjer hafði greitt fyrir Magnús Dalhoffsson með barni hans og Guðrúnar Steinsdóttur.

Fyrir upphæð þessari kvittast hjer.-

Til hreppsnefndarinnar í Neshreppi -Ytri.
Snæfellsnessýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. april 1909

562

Eins og meðfylgjandi eptirrit af reikningum frá St.Jósefs hospitali í Landakoti bera með sjer hefur fátækrasjóður Reykjavikur greitt samtals 329 kr. fyrir legukostnað þurfalingsins Ólafs Þórðarsonar árið 1907.Samkvæmt 17. gr. fátækralaganna ber landssjóði að endurgjalda það sem umfram er 200 kr. af kostnaði þessum,og leyfi jeg mjer því virðingarfyllst að fara þess á leit,að fátækrasjóðnum verði endurgoldnar 129 kr. af legukostnaði þessum.-

Það skal tekið fram,að nefndur þurfalingur lá allan tímann á sjúkrahúsinu eptir skipun læknis.-

Til Stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. april 1909

563

Eins og meðfylgjandi eptirrit af reikningum frá St. Jósefs hospitali i Landakoti bera með lá þurfamaðurinn Ólafur Þórðarson allt árið 1908 á sjúkrahúsi, og hefur fátækrasjóður Reykjavikur greitt legukostnaðinn með 366 kr. .Samkvæmt 77. gr. fátækralaganna ber landssjóði að endurgjalda fátækrasjóðnum það af legukostnaðinum sem umfram er 200 kr.-Leyfi jeg mjer því virðingarfyllst að fara þess á leit,að stjórnarráðinu vildi þóknast að endurgjalda úr landssjóði 166 kr. af legukostnaði þurfalings þessa.-

Það skal tekið fram,að nefndur þurfalingur lá allt árið á sjúkrahúsinu samkvæmt læknis skipun.-

Til Stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. april 1909

564

Eins og meðfylgjandi reikningseptirrit frá St. Jósefs Hospitali i Landakoti bera með sjer lá þurfalingurinn Árni Jóhannesson mestallt árið 1907 á sjúkrahúsinu og hefur fátækrasjóður Reykjavikur orðið að greiða legukostnaðinn það ár með samtals 516 kr.-Samkvæmt 77.gr. fátækralaganna ber landssjóðnum að endurgjalda það af legukostnaði þessum, sem umfram er 200 kr.-Jeg leyfi mjer því virðingarfyllst að fara þess á leit, að fátækrasjóðnum verði endurgoldnar 316 kr. af legukostnaði þessum.-

Sjúklingur þessi var veikur af berklaveiki og lá allan timann á sjúkrahúsinu eptir skipun læknis.-

Til Stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. april 1909

565

Eins og meðfylgjandi eptirrit af reikningum frá St.Jósefs Hospitali i Landakoti bera með sjer lá þurfalingurinn Árni Jóhannesson allt árið 1908 á sjúkrahúsinu og hefur fátækrasjóður Reykjavikur orðið að endurgjalda legukostnaðinn með 548 kr.-Jeg leyfi mjer virðingarfyllst að fara þess á leit,að fátækrasjóðnum verði samkvæmt 77. gr. fátækralaganna endurgoldnar úr landssjóði það af legukostnaði þessum,sem umfram er 200 kr. eða 348 kr.-

Þess skal getið að þurfalingur þessi,sem nú er dáinn var veikur af brjóstveiki og lá allt árið eptir skipun læknis á sjúkrahúsinu.-

Til Stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur